

Leikskólinn Höfðaberg

Heiti fundar

2. Fundur Foreldraráðs Höfðabergs

Dagsetning

21.11.2023

Fundarstaður

Höfðaberg

Fundarritari

Tinna Rún Eiríksdóttir

Viðstaddir

Leikskólastjóri: Tinna Rún Eiríksdóttir
Foreldraráð: Sigurlaug, Vala, Jóhann, Sunna og Bryndís

Fjarverandi

Allir mættir

Dagskrá fundar, umræður og ákvarðanir

Starfsmannamál: Rætt um þau miklu veikindi starfsmanna sem hafa verið á Höfðabergi síðustu vikur. Stjórnendur hafa fært starfsfólk til á milli deilda. Börn fara stundum í heimsóknir á næstu deild. Verið að reyna að koma í veg fyrir að foreldrar þurfi að sækja börnin sín fyrir. Það getur alltaf komið til þess að börn verði send heim vegna manneklu.

Skóladagatal: Skóladagatal 2024-2025 lagt fram til kynningar. Drög að skóladagatali 2025-2026 lagt fram. Seinna skóladagatalið er ekki fullunnið þar sem það vantar ennþá inn starfsdagana. Skóladagatöl leik- og grunnskóla verða lögð fyrir fræðslunefnd í næstu viku.

Bókun frá foreldraráði: Það eru miklar breytingar að koma í einu varðandi skóladagatöl. Í haust var 10 skráningardögum bætt við skóladagatalið og nú er 4 orlofsdögum bætt inn sumarið 2024. Það getur reynst foreldrum erfitt að leysa alla þessa frídaga leikskólabarna sinna.

Foreldraráð fær kynningu á leikskólanum. Gengið um leikskólann og deildir og rými skoðuð. Eins var ráðinu sýnt dæmi um það hvernig vinnukvöld fer fram hjá starfsmönnum. Í þetta sinn var starfsfólk á vinnukvöldi til að vinna af sér hluta af starfsdegi þann 2. janúar. Fengin var fræðsla um spil frá Spilavinum og starfsfólk fékk svo kennslu í ýmsum spilum sem hægt er að spila með börnum.

Næsti fundur áætlaður í janúar 2024